

# Bifhjólatriyging

## Vátryggingarskilmálar nr. BA11

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BA11.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Vátrygging þessi er samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og reglugerð um lögmæltar ökutækjatriygingar nr. 424/2008.

### Efnisyfirlit:

#### A. Almennir skilmálar

1. Vátryggingin gildir
2. Ábyrgðartími
3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
4. Varúðarreglur
5. Brot á varúðarreglum
6. Áhættubreyting
7. Útreikningur iðgjalds
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Eigendaskipti á bifhjóli eða afskráning þess
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Tvítrygging
13. Fyrning

#### B. Lögboðin ábyrgðatriyging bifhjóls

14. Vátryggður
15. Bótasvið
16. Samsömun
17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
19. Eigin áhætta
20. Endurkrafa
21. Staða tjónþola við tjón
22. Meðferð bótakrafna

#### C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

23. Vátryggður
24. Bótasvið
25. Ákvörðun bóta

#### D. Kaskóatriyging bifhjóls (valkvæð)

26. Vátryggðir hagsmunir
27. Vátryggður og meðvátryggðir

28. Vátryggingin gildir
29. Bótasvið
30. Varúðarreglur
31. Samsömun
32. Útreikningur iðgjalds
33. Greiðsla iðgjalds
34. Endurgreiðsla iðgjalds
35. Eigendaskipti á bifhjóli eða afskráning þess
36. Vátryggingarverðmæti
37. Eigin áhætta
38. Bætur fyrir algert tjón
39. Bætur fyrir tjón að hluta
40. Framsal
41. Fyrning

#### E. Hlíðarþunaðatriyging (valkvæð)

42. Vátryggðir hagsmunir
43. Vátryggður og meðvátryggður
44. Vátryggingin gildir
45. Bótasvið
46. Varúðarreglur
47. Samsömun
48. Vátryggingarfjárhæð
49. Eigin áhætta
50. Ákvörðun bóta

#### A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

##### 1. Vátryggingin gildir

- 1.1 Vátryggingin gildir um notkun bifhjóls á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig gildir vátryggingin í Sviss.
- 1.2 Vegna aksturs erlendis, í öðrum ríkjum en framangreindum, skal vátryggingartaki leysa til sín alþjóðlegt vátryggingarkort (grænt kort) vegna ábyrgðatriygingar bifhjólsins, enda eigi viðkomandi ríki aðild að samningi um notkun slíks vátryggingarkorts.

##### 2. Ábyrgðartími

- 2.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 2.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.

2.3 Enda þótt vátryggingin falli úr gildi ber félagið samt áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið keypt.

### 3. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 3.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 3.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 3.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

### 4. Varúðarreglur

- 4.1 Ökumaður hins vátryggða bifhjóls skal hafa þau réttindi og þá kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 4.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna við notkun bifhjóls.
- 4.3 Ekki skal nota bifhjól til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.4 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun bifhjólsins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 4.5 Vátryggður eigandi eða umráðamaður skal viðhalda bifhjóli í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- 4.6 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður bifhjólsins sé ávallt í lagi.
- 4.7 Við akstur hins vátryggða bifhjóls skulu ökumaður og farþegi þess nota hlífðarhjálma ætlaðan til slíkra nota og lágmarks hlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota.

### 5. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta,

sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 6. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun bifhjóls breytist frá því sem kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á vátryggingaraburði lækkar að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 7. Útreikningur iðgjalds

- 7.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun og tegund bifhjólsins. Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.
- 7.1.1 Við útreikning grunniðgjalds vátryggingarinnar er ekki gert ráð fyrir því að iðgjald vátryggingarinnar sé endurgreitt vegna innlagðar skráningarmarkis. Hafi það verið gert kemur álag skv. gjaldskrá félagsins á næsta vátryggingartímabili sem kemur í kjölfar innlagðar skráningarmarkis.
- 7.2 Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum vátryggjendum um tjónareynslu vátryggingartaka í þessari grein vátrygginga.

### 8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 8.2 Hafi vátrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu vátryggingartaka, t.d. símleiðis eða skriflega, er félaginu heimilt að skora á vátryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði vátryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella vátrygginguna strax úr gildi, þrátt fyrir gr. 8.3. Skal þá félagið tilkynna vátryggingartakanum þá ákvörðun skriflega, jafnframt því að senda tilkynningu til Umferðarstofu um lok vátryggingarinnar.
- 8.3 Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt vátrygginguna úr gildi þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins, sbr. reglugerð um lögsmæltar ökutækjatrýggingar nr. 424/2008. Félagið skal tilkynna Umferðarstofu og vátryggingartaka um niðurfellinguna. Ber þá lögreglustjóra samkvæmt þeirri reglugerð að

hlutast til um að skráningarkerki séu tafarlaust tekin af bifhjólínu.

- 8.4 Iðgjöld eru aðfararhæf samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

## 9. Endurgreiðsla iðgjalds

- 9.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Hafi bifhjólið ekki verið í notkun og skráningar-númer þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið.

## 10. Eigendaskipti á bifhjóli eða afskráning þess

Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu bifhjóli gildir hin fyrri vátrygging gagnvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga nema bifhjólið hafi áður verið afskráð eða ný vátrygging keypt fyrir það.

## 11. Vátryggingarfjárhæð

Ábyrgð félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

## 12. Tvítrygging

- 12.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 12.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 12.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 13. Fyrning

Bótakröfur á hendur félaginu fynast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fynast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

## B. Lögboðin ábyrgðartrygging bifhjóls

## 14. Vátryggður

Skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður er vátryggður.

## 15. Bótasvið

- 15.1 Vátryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem vátryggðum er skylt að vátryggja gegn samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, sem eigandi eða umráðamaður hins vátryggða bifhjóls, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.
- 15.2 Vátryggingin bætir ekki skemmdir á bifhjólínu sjálfu eða öðrum eignum vátryggingartaka eða vátryggðs. Þó bætir vátryggingin skemmdir á eigin bifreið vátryggðs af völdum áreksturs hins vátryggða bifhjóls.

## 16. Samsömun

- 16.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða bifhjóli.
- 16.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins vátryggða bifhjóls.

## 17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 18.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 18.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 18.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.

18.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

## 19. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu ef þess er getið í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 20. Endurkrafa

Félagið á endurkröfurétt samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987, lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og almennum réttarreglum vegna greiðslu félagsins á bótum, t.d. ef:

20.1 Tjón varð vegna þess að ökumaður, sökum undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi efna, gat ekki stjórnað bifhjóli örugglega eða var óhæfur til þess, sbr. umferðarlög nr. 50/1987.

20.2 Tjón varð vegna þess að ökumaður hafði ekki þau réttindi og kunnáttu sem þurfti til þess að stjórna viðkomandi bifhjóli.

20.3 Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

20.4 Félagið hefur greitt bætur úr vátryggingunni fyrir tjón sem varð þegar liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum eða vátryggingin hafði fallið úr gildi.

20.5 Bifhjólið var notað til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

20.6 Bifhjólið var leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga um bílaleigur nr. 64/2000. Sýni vátryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara á félagið ekki endurkröfu.

## 21. Staða tjónþola við tjón

21.1 Félagið er greiðsluskylt gagnvart tjónþola, sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.

21.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.

21.3 Nú er höfðað einkamál gegn vátryggðum til heimtu bóta og skal þá jafnframt höfða slíkt mál gegn félaginu, sbr. 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

21.4 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

21.5 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og ákvæða 95. og 97. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

## 22. Meðferð bótakrafna

22.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.

22.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

## C. Lögboðin slysatrygging ökumanns og eiganda

### 23. Vátryggður

Vátryggður er vátryggingartaki og sérhver ökumaður sem bifhjólinu stjórnar, enda hafi hann ekki notað bifhjólið í algeru heimildarleysi.

### 24. Bótasvið

Vátryggingin bætir líkamstjón vegna slyss sem:

24.1 Ökumaður verður fyrir við stjórn hins vátryggða bifhjóls samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

24.2 Vátryggingartaki verður fyrir sem farþegi á hinu vátryggða bifhjóli, eða af völdum þess samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

### 25. Ákvörðun bóta

25.1 Vátryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón vátryggðs á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

25.2 Ef vátryggður á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir umferðarlögum nr. 50/1987, eða öðrum skaðabótareglum, lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

## D. Kaskótrygging bifhjóls (valkvæð)

Kaskótrygging bifhjóls er innifalin ef hún er tilgreind á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Greinar 3, 4, 5, 6 og 12 í almennum skilmálum í kafla A eiga einnig við um kaskótryggingu bifhjóls.

### 26. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir bifhjól sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 27. Vátryggður og meðvátryggðir

27.1 Eigandi bifhjóls er vátryggður.

27.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í bifhjólinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 28. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

28.1 Á Íslandi.

28.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahags-svæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

#### Vátryggingin gildir ekki

28.3 Við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum rétttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á bifhjólinu ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.

28.3.1 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 28.3 gildir vátryggingin fyrir krossara, torfærubifhjól og klifurhjól við akstur um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur.

### 29. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á bifhjólinu vegna

29.1 Áreksturs þess og annars farartækis, s.s. bifreiðar eða bifhjóls.

29.2 Áaksturs.

29.3 Veltu og hrops.

29.4 Útafaksturs.

29.5 Grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða.

29.6 Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

29.7 Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því.

29.8 Óveðurs ef bifhjólið fýkur eða það skemmist vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

29.9 Flutnings þess um landveg á eða af flutningstæki eða á skipi milli hafna. Skemmdir sem verða þegar það er flutt á milli hafna, bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.

29.10 Skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en vátryggðum.

Vátryggingin bætir einnig

29.11 Þjörgunar- eða flutningskostnað til næsta viðgerðarverkstæðis sem félagið fellst á ef bifhjól verður óökufært vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

#### Vátryggingin bætir ekki

29.12 Skemmdir er aðeins varða dempara og höggdeyfa.

29.13 Þjófnað á einstökum hlutum bifhjólsins.

- 29.14 Þjófnað eða tilraun til þjófnaðar á bifhjólí eigi hann sér stað utan Íslands.
- 29.15 Skemmdir sem hljótast af því að laust grjót hrekkur upp undir bifhjólíð í akstri.
- 29.16 Skemmdir sem hljótast af því að bifhjólíð tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti.
- 29.17 Skemmdir á hvers konar aukaútbúnaði bifhjólsins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum og talstöðvum, nema um annað sé samið.
- 29.18 Skemmdir sem verða á bifhjólínu vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni, nema um annað sé samið.
- 29.19 Skemmdir á bifhjólínu vegna dýra.
- 29.20 Skemmdir af völdum sjöbleytu.
- 29.21 Tjón skv. ábyrgðartakmörkunum sem tiltekna eru í gr. 29.5, 29.6, 29.8, 29.9 og 29.11.

### 30. Varúðarreglur

- 30.1 Þegar lyklar bifhjólsins eru ekki í vörslu vátryggðs eða umráðamanns bifhjólsins skal geyma þá í læstu húsnæði eða öðru læstu rými, þó ekki á bifhjólínu sjálfu.
- 30.2 Ökumaður skal ekki aka eða geyma bifhjól þar sem hættu er á að það skemmist vegna þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni geta fokið á það.

### 31. Samsömun

- 31.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða bifhjólí.
- 31.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnanda hins vátryggða bifhjóls.

### 32. Útreikningur iðgjalds

- 32.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun bifhjólsins, tegund þess og verðmætis.
- 32.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

### 33. Greiðsla iðgjalds

- 33.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 33.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 34. Endurgreiðsla iðgjalds

- 34.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 34.2 Hafi bifhjólíð ekki verið í notkun og skrásetningarmerki þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, að frádregnum þeim hluta iðgjaldsins sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu í vátryggingunni. Þessi réttur til endurgreiðslu iðgjaldsins fellur niður ef innistaða skráningarmerkja bifhjólsins er vegna tjóns sem vátryggingin tekur til og bætt er.
- 34.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 34.1 og 34.2.

### 35. Eigendaskipti á bifhjólí eða afskráning þess

Ef eigendaskipti verða að hinu vátryggða bifhjólí, eða það er afskráð, fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

### 36. Vátryggingarverðmæti

- 36.1 Vátryggingarverðmæti bifhjólsins er sú upphæð sem sambærilegt bifhjól að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 36.1.1 Vátryggingarverðmæti samkvæmt gr. 36.1 getur þó aldrei orðið hærra en sú upphæð sem kemur fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

### 37. Eigin áhætta

- 37.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 37.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 37.3 Eigin áhætta breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

### 38. Bætur fyrir algert tjón

- 38.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef:
- 38.1.1 Bifhjólíð verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
- 38.1.2 Bifhjólinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.
- 38.2 Verði algert tjón á bifhjóli ræður félagið hvort það:
- 38.2.1 Greiði vátryggingarverðmæti bifhjólsins gegn afsali.
- 38.2.2 Greiði mismun á vátryggingarverðmæti og verðmæti bifhjóls eftir vátryggingaratburð.
- 38.2.3 Útvegi annað bifhjól sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annað bifhjól hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi vátryggingartaka fyrir hinu skemmda bifhjóli.

### 39. Bætur fyrir tjón að hluta

- 39.1 Skemmist bifhjólíð án þess að skilyrði 38. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við bifhjólíð að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
- 39.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
- 39.3 Félagið bætir ekki lækkun á markaðsverði bifhjólsins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

### 40. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

### 41. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

### E. Hlíðarbúnaðartrygging (valkvæð)

Hlíðarbúnaðartrygging er innifalin ef hún er tilgreind á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Vátryggingin bætir tjón á hlífðarfötum og hjálmum sem ekki er hlífðarskyt úr ábyrgðartryggingu bifhjólsins eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Grein 3, 4, 5 og 12 í almennum skilmálum í kafla A á einnig við um hlífðarbúnaðartryggingu.

### 42. Vátryggðir hagsmunir

- 42.1 Vátryggingin tekur til sérhæfðs hlífðarbúnaðar sem fylgja notkun bifhjóla, þ.e. mótörhjólagalli, hjálmur, hanskar, hlífar og skór.
- 42.2 Vátrygging tekur einnig til fatnaðar sem vátryggður klæðist undir hlífðarbúnaði, þegar tjón verður í tengslum við notkun bifhjóls.

### 43. Vátryggður og meðvátryggðir

- 43.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 43.2 Meðvátryggðir eru fjölskylda vátryggingartaka sem hefur sama lögheimili á Íslandi og hann, sameiginlegt heimilishald og býr á sama stað.

### 44. Vátrygging gildir

- 44.1 Á Íslandi
- 44.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

### 45. Bótasvið

#### Vátryggingin bætir:

- 45.1 Tjón sem verða í tengslum við notkun bifhjóls.
- 45.2 Tjón vegna eldsvoða og sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlífðarbúnaður sviðnar eða bráðnar ef eldur er ekki laus.
- 45.3 Tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða bílskúr og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði, sumarhúsi, geymslu utan íbúðarhúsnæðis og bifreið.
- 45.4 Tjón af völdum vatns sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum íbúðarhúsnæðis eða bílskúrs og annarri geymslu tilheyrandi íbúðarhúsnæði og á upptök innan veggja hússins.

#### Vátrygging bætir ekki:

- 45.5 Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni.
- 45.6 Tjón sem má rekja til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- 45.7 Tjón á hlífðarbúnaði sem verður í tengslum við notkun torfæruhjóls, krossara eða klifurhjóls.
- 45.8 Skemmdir sem verða á hlífðarbúnaði vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.
- 45.9 Tjón sem rekja má til galla.

#### 46. Varúðarreglur

- 46.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 46.2 Vátryggður skal læsa íbúðarhúsum, geymslum, bílskúrum, sumarhúsum og bifreiðum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Vátryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannaust.
- 46.3 Vátryggður skal sjá til þess að hlutir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

#### 47. Samsömun

- 47.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða bifhjóli.
- 47.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins vátryggða bifhjóls.

#### 48. Greiðsla iðgjalds

- 48.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 48.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

#### 49. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

#### 50. Vátryggingarfjárhæð

- 50.1 Hámarksbætur vegna hvers einstaks tjóns koma fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 50.2 Vátryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

#### 51. Eigin áhætta

- 51.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 51.2 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysliverðs.

#### 52. Ákvörðun bóta

- 52.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlífðarbúnaði, sambærilegum þeim sem skemmdist. Þó eru bætur aldrei hærrí en hámarksupphæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Félaginu er heimilt að draga frá bótum



verðrymnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.

- 52.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlífðarbúnaði til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlífðarfatnað þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 52.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrymnunar samkvæmt gr. 52.1, ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 52.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 52.5 Minjagildi bætist ekki.

52.6 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

52.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Vátryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bætunarnar.

### 53. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. nóvember 2010